

28.2.2017

## **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna endurskoðunar á forsendum kjarasamninga í febrúar 2017**

Þann 29. maí 2015 gaf þáverandi ríkisstjórn út yfirlýsingu um aðgerðir í húsnæðismálum í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Markmiðið með yfirlýsingunni var að leggja grunn að félagslegu íbúðakerfi, með byggingu allt að 2.300 leiguíbúða á fjórum árum.

Íbúðarlánasjóður hefur þegar úthlutað 2,1 milljarði króna til byggingar 385 leiguíbúða sem rísa munu í 11 sveitarfélögum. Þessu til viðbótar mun íbúðarlánasjóður úthluta um 700 milljóna króna stofnstyrkjum vegna ársins 2016 á næstunni og má þá ætla að heildarfjöldi íbúða verði rúmlega 500.

Til að tryggja að fyrrnefnd markmið gangi eftir mun ríkisstjórnin nú tryggja að framlag ríkisins til stofnframlaga verði allt að þrjú milljarðar króna árið 2017. Þá verður í komandi ríkisfjármálaáætlun tryggt sambærilegt framlag til stofnstyrkja árána 2018 og 2019. Í samræmi við yfirlýsinguna mun ríkisstjórnin einnig setja um það reglur með hvaða hætti heildarfjöldi heimilaðra félagslegra íbúða verði skipt milli ólíkra markhópa og framkvæmdaaðila áður en til úthlutunar kemur vegna ársins 2017.